


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	ÍSLE3TS05	
Námsáætlun vorönn 2017		

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir	Sk.st.	ÁBE
----------------	-------------------------	---------------	-----

Tungumál, samfélag og samskipti – félagsleg málvísindi

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um áhrif félagslegra þátta á málfar, t.d. atvinnu, búsetu og kyn. Farið verður í ýmislegt sem tengist máltöku barna og tjáskiptum þeirra við fullorðna. Ýmsar nýlegar málfarsbreytingar kynntar og rannsakaðar. Jafnframt verður fjallað um sérstöðu mannsins þegar kemur að tjáskiptum almennt. Auk þess skoða nemendur hvort málsnið og málfar á netinu sé á einhvern hátt frábrugðið því sem gerist og gengur í raunheimum og hvaða áhrif samfélagsmiðlar hafa haft á tungumálið. Fjallað verður um það hvernig táknmál er uppbyggt og það tengt líkamstjáningu heyrandi fólks. Rætt verður um málstöðvar heilans og áhrif áfalla á þær. Nemendur kynna sér fræðilegar greinar sem tengjast efninu og vinna einnig margvíslegar málfarsrannsóknir. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og viðurkenndar rannsóknaraðferðir, viðeigandi meðferð og frágang heimilda. Verkefni eru fjölbreytt og reyna á frumkvæði, víðsýni og gagnrýna hugsun. Nemendur kynna verkefni, bæði einir og með öðrum.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- máltöku barna
- sérstöðu mannsins þegar kemur að tungumáli
- félagslegum þáttum sem geta haft áhrif á málfar fólks
- mismunandi mállýskum, bæði staðbundnum og stéttbundnum
- áhrifum samfélagsmiðla og annarrar nútímataækni á þróun tungumáls
- margvíslegum tjáskiptum, yrtum sem óyrtum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna mismunandi málfarsathuganir
- beita viðurkenndum rannsóknaraðferðum
- greina ýmis félagsleg einkenni tungumáls
- aðgreina raunverulegt og tilbúið málumhverfi
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn
- nota málfræðihugtök tengd efninu
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	ÍSLE3TS05	Námsáætlun vorönn 2017

- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á áhrifum félagslegra þátta á tungumál og samskipti
- leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra, t.d. með því að nýta málfræðiupplýsingar og þekkingu sína á íslenska málkerfinu
- skilja hvernig og hvers vegna tungumál þróast
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. 10. útgáfa frá 2010. Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).


Tungutak: Félagsleg málvísindi eftir Ásdísi Arnalds og Sólveigu Einarsdóttur. Útgefandi er JPV-útgáfa og bókin kom út árið 2010.

Efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (2 vikur) 6. janúar – 20. janúar **Orð eru til alls fyrst - málfræðigrunnur**
Efni frá kennara og *Tungutak* bls. 50-55. Helstu hugtök í málfræði rifjuð upp, þ.m.t. orðflokkar, setningarhlutar, aðal- og aukasetningar, orðhlutar og farið í hugtök tengd hljóðfræði. Lotunni lýkur á tímaverkefni úr efninu sem nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða tveir saman. Hjálpargögn eru leyfileg við lausn verkefnisins. Verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn.

2. lota (2 vikur) 23. janúar – 3. febrúar **Mál er að mæla**
Tungutak bls. 11-17 og efni frá kennara. Máttur tungumálsins í ýmsum textum skoðaður og ræddur. Í framhaldinu verður farið yfir að hvaða leyti tjáning manna er öðruvísi en tjáning dýra. Námsmat lotunnar er af tvennum toga, annars vegar er stutt krossapróf úr efni lotunnar og hins vegar felst það í stuttri ritgerðarspurningu sem nemendur geta valið um að vinna tveir saman eða hver fyrir sig. Vægi hvors verkefnis fyrir sig er 5% af lokaeinkunn. **ATH ritgerðarspurningar verða fjórar á önninni, aðeins þrjár hæstu gilda til lokaeinkunnar.** Auk ofangreindra verkefna skrifa nemendur a.m.k. vikulega í hugleiðingabók, sem skilað er í annarlok og gildir 20% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ÍSLE3TS05 Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

3. lota (3 vikur) 6. febrúar – 24. febrúar – **Það læra börnin sem fyrir þeim er haft - máltaka barna**

Tungutak bls. 18-49. Þessi lota er helguð máltöku barna, frá hjali að fullmótuðum setningum, og tengslum hennar við líffræðilegan þroska barna. Auk þess verður rætt um tvítyngi og ýmis frávik í málþroska barna. Námsmat þessarar lotu felst í krossaprófi úr lesefni lotunnar (5%), ritgerðarspurningu sem nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða tveir saman (5% af lokaeinkunn). Auk þess skrifa nemendur í hugleiðingabók.

4. lota (3 vikur) 27. febrúar – 17. mars **Mangi prumpaði í stampinn, er það ekki?**


Tungutak bls. 57-86. Í þessari lotu verður farið í landfræðilegar (staðbundnar) og félagslegar mállýskur. Skilgreiningum málfars í rétt mál og rangt mál velt upp og nemendur vinna ritgerðarspurningu því tengdu (5%), hver fyrir sig eða tveir saman. Nemendur ritrýna grein eftir íslenskan fræðimann (10%, einstaklingsverkefni). Auk framangreindra verkefna lotunnar taka nemendur krossapróf úr lesefninu (5%) og skrifa í hugleiðingabók.

5. lota (4 kennsluvikur) 20. mars-21. apríl **Viljinn dregur hálf hlass - verkefnalota**

Handbók um ritun og frágang bls. 13, 23-27, 38-41, 67-93, 108-112. Uppbygging og framsetning heimildaritgerða rifjuð upp. Nemendur kynna sér tiltekið málfarsatriði sem tengja má máltöku barna eða mállýskumun, hvort sem er staðbundnum eða félagslegum. Um einstaklingsverkefni er að ræða. **ATH. Engir tveir nemendur/pör geta verið með nákvæmlega sama efnið.** Verkefnið getur t.d. falið í sér að leggja könnun fyrir málhafa, barn eða fullorðinn, lýsingu á tiltekinni félagslegri eða veraldlegri mállýsku, rannsókn málfars í samfélags- eða fréttamiðlum eða orðaforða tiltekinna stétta, kynja eða vinnustaða/fjölskyldna. Umfjöllunina þarf að tengja við það sem fræðimenn hafa skrifað um efnið, eftir því sem kostur er. Verkefnið skal velja í samráði við kennara og gildir það 15% af lokaeinkunn. **Þeir nemendur sem fá lægri einkunn en 7,0 fyrir ritgerðina þurfa að skila henni aftur, endurbættri með hliðsjón af athugasemdum kennara.** Nemendur kynna síðan verkefnið sitt fyrir samnemendum og gildir sá hluti 5%. Heildarvægi lotunnar er 20% af lokaeinkunn. **ATH. páskafrí kemur inn í þessa lotu.**

5. lota (2 vikur) 24. apríl – 5. maí **Auðveldara er að tala en að segja eitthvað - málstöðvar og óyrt tjáning**

Tungutak bls. 87-105. Viðfangsefni lotunnar taka á málstöðvum heilans og áhrifum höfuðáverka á málfar, táknmáli og óyrtri tjáningu, auk birtingarmyndar hennar í netheimum. Námsmat lotunnar felst í krossaprófi úr efni lotunnar, auk þess sem nemendur svara einni ritgerðarspurningu (5%) og rannsaka notkun tákna í samfélagsmiðlum (10%). Nemendur skrifa sem fyrr vikulega í hugleiðingabók og skila henni 28. apríl.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	ÍSLE3TS05	Námsáætlun vorönn 2017

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi %	
Málfræði-grunnur	Tímaverkefni með gögnum. Para-/einstaklingsverkefni	5%	
Ritgerðar-spurningar	Fjórar ritgerðarspurningar, sem reyna á skilning efnis, verða á önninni, þrjár bestu gilda. 3x5%	15%	
Kaflapróf	Krossapróf úr efni 2.-5. lotu. Einstaklingsverkefni 4x5%	20%	
Hugleiðinga-bók	Nemendur skrifa reglulega hjá sér hugleiðingar um efni hvernar lotu. Einstaklingsverkefni	20%	
Greinarýni	Lesin grein eftir fræðimann, skrifaður útdráttur og afstaða tekin til efnis greinar. Einstaklingsverkefni	10	
Ritun/málfars-rannsókn	Heimildaverkefni úr efni 3. eða 4. lotu. Efni hennar kynnt fyrir hópnum. Einstaklings- eða paraverkefni	20	
Kynning	Notkun tákna á samfélagsmiðlum skoðuð og niðurstaðan kynnt. Einstaklingsverkefni	10	
	Samtals:	100%	
<p>Annað: Áfanginn er símatsáfangi og því er mikilvægt að skila öllum verkefnum og á réttum tíma. Þeir sem skila eftir að skilafrestur er runninn út geta vænst þess að vera dregnir niður skv. reglum íslenskudeildar (sjá Moodle).</p>			

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gilda ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 5/1/17

Asbjörg Ben.
Undirritun kennara

Suuna H. Jóhannesson
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils